

## Hatursfyllsti maður Bretlands, Tommy Robinson

Tommy Robinson eða Stephen Yaxley Lennon eins og hann eiginlega heitir, afplánar átján mánaða fangelsisdóm. Hann dúsar í einangrun – í því skyni að vernda hann, segja fangelsismálayfirvöld.

Tommy afplánar dóm fyrir birtingu heimildarmyndarinnar, Þöggun ([Silenced](#)). Hann stofnaði félagsskapinn, „Varnarsveit Englands“ (English Defence League), árið 2009.

Myndin fjallar um áhrif öfgafullrar Múhammeðstrúar eða Íslam, sem merkir undirgefni við Guð. Hún skaut rótum í Sádí-Arabíu á sjöundu öld.

Þessi öfgafulla túlkun Kóransins varð hugmyndafræðilegur grundvöllur Bræðralags Múhammeðstrúarmanna, sem Bretar hafa óspart beitt í nýlendustríðum sínum og Vesturveldin beita nú í Sýrlandi, áður í Afganistan, Írak og víðar, í búningi ISIS, al-Nushra og svo framvegis. Vesturlönd (Bretar og Bandaríkjamenn) styrktu trúarskóla, sem öfgarnar kenndu.

Nú kalla þessir öfgafullu morðingjar sig, Hayat Tahrir Al-Sham. Þeir segjast þó ekki sækjast eftir stofnun alheimsveldis eða kalífats (ummah) eins og herskáir Íslamistar gjarnan gera.

Houari Boumedienne (1932-1978), forseti Algeríu, sagði í ræðu hjá Sameinuðu þjóðunum í september 1974: „Milljónir manna munu kveðja Suður-hálfhvelið og leita norður. Þeir koma ekki með vinarþel í brjósti. Það vakir fyrir þeim að sigra, og þeir munu tímgast fyrir tilstilli sona sinna. Frjósemi kvennanna mun tryggja sigur yfir Evrópu og veröldinni.“

Recep Tayyip Ergodgan, forseti Tyrklands, áður borgarstjóri Miklagarðs (Istanbul): „Moskurnar [í löndum Vestursins] eru herskálar (barracks), hvelfingarnar eru hjálmar okkar, bænaternarnir sverð og trúmennirnir hermenn.“

Hófsamir Múhammeðstrúarmenn hafa varað við þessum öfgum. Palestínumaðurinn, Sami Aldeeb, prófessor í Sviss, segir t.d.:

„Íslamskar hreyfingar reyna að koma í veg fyrir hvers kyns gagnrýni á Íslam með aðstoð frá vestrænum dómstólum. Það ber nauðsyn til að veita þessu réttarfari (inquisition) viðnám til verndar mannkyni. Dómarar á Vesturlöndum, sem styðja þess

háttar réttarfar eru hinir eiginlegu, gagnlegu bjálfar, sem bjóða eigin þjóðum hinum verstu hættum heim.“

Tommy mótmælir útbreiðslu Íslam. Hann segir einstaka trúmenn Múhammeds ekki vera til vandræða, heldur öfgafulla róttæklinga. Tommy hefur verið tíðrætt um svokallaðan „hugstuld“ (grooming) barna, þ.e. eins konar forstíga heilapvottar til að sannfæra þau um gildi ákveðinnar hugmyndafræði og lífennis, þekkt t.d. hjá áróðursmönnum kynskipta.

Í raun á Tommy við ósæmilegar kynlífsathafnir íslamskra karlmanna – jafnvel nauðganir – á ungum, hvítum stúlkum. Hann hefur líka bent á, hvernig umfjöllum um glæpi innflytjenda er þögguð niður eða afbökuð.

Annar blaðamaður, Simon Heffer, segir: „Í orði kveðnu er þetta [Bretland] frjáls samfélag, en við lifum á tímum stjórnmalalegs rétttrúnaðar og ritskoðunar, sem gerir það að verkum, að mörg okkar fá hroll við tilhugsunina um að viðra fullkomlega gjaldgengar skoðanir af ótta við fordæmingu. Þar með er málfrelsinu stefnt í voða, mikilvæg málefni eru ekki rædd, og fólk sættir sig við, að stórar lygar verði óumdeildur stórisannleikur.“

Þetta er vitaskuld ekki bundið við Bretland, en bresk yfirvöld hafa síðustu árin farið yfir stökk og stein í ritskoðun, eftirliti og ofsóknum gegn blaðamönnum - og „öðruvísi“ þenkjandi.

Trúaröfgar eru algengar, sérstaklega í trúarbrögðum, sem hafa greinilegt stjórnmalayfirbragð (political religions), einkum Abrahamstrúarbrögð eins og kristni, Múhammedstrú og Gyðingtrú. Dæmi er slíkt er til að mynda sú túlkun Biblíunnar, að Gyðingakörlum sé heimilt að nauðga stúlkum í Palestínu, því þær séu ekki af úrvalsstofni Gyðinga og því ekki menn. Í Bretlandi virðast fylgimenn Öfgaíslams, snúa þessu á haus.

Bandaríski heimspekingurinn, Hilary Putnam (1926-2016) hitti naglann á höfuðið: „Mönnum sést yfir kjarna trúarbragða, þegar þeir leita sannanna [um þau]. Það er beiting þeirra, sem máli skiptir.“

[https://www.rebelnews.com/breaking\\_charges\\_dismissed\\_against\\_tommy\\_robinson](https://www.rebelnews.com/breaking_charges_dismissed_against_tommy_robinson)

<https://www.nationalreview.com/2018/05/tommy-robinson-grooming-gangs-britain-persecutes-journalist/>

<https://www.rebelnews.com/tommy-robinson-reports-on-britains-grooming-gangs>

<https://www.thatalexwoman.com/p/why-i-interviewed-tommy-robinson>

<https://www.conservativewoman.co.uk/the-tcw-teams-pick-of-our-2024-blogs-jordan-peterson-gives-tommy-robinson-the-fair-hearing-he-deserves/>

<https://www.youtube.com/watch?v=Q96elyZaxq8>

<https://x.com/calvinrobinson/status/1817527443013390591>

<https://humanevents.com/2025/01/03/breaking-tommy-robinson-speaks-out-from-prison-says-hes-being-tortured-for-his-journalism>

<https://www.globalresearch.ca/western-democracies-threat-social-disintegration/5876002>

[https://www.timesofisrael.com/liveblog\\_entry/uk-court-clears-far-right-activist-of-refusing-to-leave-london-march-against-antisemitism/](https://www.timesofisrael.com/liveblog_entry/uk-court-clears-far-right-activist-of-refusing-to-leave-london-march-against-antisemitism/)

<https://www.youtube.com/watch?v=zG4WKjHasxY&rco=1>